

---

## Uppbygging á íþróttasvæði Hauka Hafnarfjarðarbæ Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 16. mars 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hafnarfjarðarbæ um fyrirhugaða uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Uppbygging á íþróttasvæði Hauka. Hafnarfjarðarbær.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hafrannsóknastofnun dags. 22. apríl 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs dags. 7. maí 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 6. maí 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 5. maí 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 14. maí 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 18. og 30. júní 2021.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Hafnarfjarðarbær stefnir að því að breyta uppbyggingaráformum á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum miðað við þau áform sem gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi. Áætlað er að á vesturhluta svæðisins verði byggðar íbúðir og á austurhluta svæðisins verði byggt fjölnota íþróttahús og bílastæðum fjölgað við húsið. Í fyrri framkvæmdaráformum var ekki gert ráð fyrir íbúðabyggingu og jafnframt var áætlað að reisa íþróttahúsið fyrir miðju svæðisins. Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að efla þá starfsemi sem þegar er á íþróttasvæði Hauka auk þess að tryggja aukið framboð íbúðarhúsnæðis í samræmi við megin markmið húsnæðisstefnu Aðalskipulags Hafnarfjarðar.



Mynd 1. Deiliskipulagssvæði afmarkað með rauðri línu. (Úr greinargerð)

Fram kemur að íþróttasvæði Hauka sé um 16 ha að stærð skv. deiliskipulagi og afmarkist af Ásbraut í vestri og friðlandinu Ástjörn til austurs. Á svæðinu í dag er að finna íþróttamiðstöð, vallarhús, gervigrasvöll, grasvöll og æfingavelli. Áformuð uppbygging felur í sér að byggðar verða 100-110 íbúðir í stað fyrrum áætlaðs þjónustuhúss, púttvallar og fjölnota vallar ásamt gerð íþróttavalla auk byggingar fjölnota íþróttahússins sem verður um 25 m hátt, 82,5 að breidd og 120 m að lengd og alls um 10.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur að friðlandsmörkum Ástjarnar sem var friðlýst árið 1978. Árið 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall umhverfis friðlandið og er heildarstærð friðlandsins 28,5 ha. Fram kemur tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi.

Fram kemur að tveir valkostir séu skoðaðir varðandi framkvæmdirnar. Annars vegar núgildandi deiliskipulag og hins vegar áformuð deiliskipulagsbreyting.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í greinargerð vanti samanburði við núllkost, þ.e. núverandi ástand svæðisins. Stofnunin bendir á að þar sem ekki hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé æskilegt að núverandi ástand sé notað til viðmiðunar. Telur stofnunin að mat á umhverfisáhrifum þurfi að fjalla um framkvæmdir á Ásvöllum í heild sinni til að gefa rétta mynd af áhrifunum, m.a. á vatnafar Ástjarnar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að betur hefði mátt bera valkostina tvo sem fjallað er um saman við núllkost en því er sleppt að mestu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að núllkostur feli í sér óbreytt ástand og sé hann notaður sem grunnviðmið til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið. Ef ekki verði af framkvæmd mun ekki koma til þeirra áhrifa sem valkostir munu hafa í för með sér sem felast einna helst í neikvæðum áhrifum á jarðminjar, á landslag og ásynd, lífríki og gróður. Því telji Hafnarfjarðarbær að núllkostur



sé ekki raunhæfur þar sem það sé skýr stefna sveitarfélagsins að byggja upp íþróttasvæðið til að mæta þörf íbúa í Hafnarfirði.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hafnarfjarðarbæjar og umsögnum umsagnaraðila.

### Vatnafar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að Ástjörn sé tiltölulega lítið stöðuvatn, afrennslaust og grunnt. Mikið fuglalíf er við tjörnina og er tjörnin friðlýst vegna þess. Í reglum um fólkvanginn kemur fram að óheimilt sé að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem geti skaðað gróður eða dýralíf á svæðinu. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs stundar reglulegar mælingar á saurgerlamengun í Ástjörn og gefa niðurstöður mælinga seinustu þriggja ára til kynna að nokkur sveifla hafi verið í fjölda gerla í Ástjörn. Í fjórum tilfellum hafa mælingar verið mjög háar og saurmengun mikil eða ófullnægjandi.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að árið 2002 hafi verið gerð skýrsla um vatnasvið Ástjarnar vegna nýrrar byggðar á Völlunum í Hafnarfirði. Var grunnvatnshæð mæld í þremur borholum á svæðinu. Niðurstöður mælinga voru að grunnvatnshæðin væri breytileg eftir árstíðum en ekki sé talið að vatnsyfirborð geti stigið hærra en 21 m.y.s. þar sem tjörninn rennur til vesturs á yfirfalli við þær aðstæður.

Fram kemur að samkvæmt skýringaruppdrætti nýs deiliskipulags sé áætlað að gólfkóti fyrirhugaðs íþróttahúss sé 23,2 m.y.s., sökkuldýpt sé 22,2 m.y.s. og að undirstöður séu í 21,2 m.y.s. Til að vernda lekt stemmis er lagt til að bilið milli hæstu grunnvatnshæðar og hæð graftarbotns sé minnst 0,5 m, þ.e. að hæð graftarbotns verði ekki lægri en 21,5 m.y.s. Þar sem gróftur framkvæmdarinnar nær ekki niður á hæsta grunnvatnsyfirborð er ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins og þar af leiðandi ætti flæði grunnvatns úr Ástjörn að haldast óbreytt.

Fram kemur að við framkvæmdir verði lögð rík áhersla á regnvatnslausnir sem skili yfirborðvatn í jörðu innan skipulagssvæðisins til að viðhalda vatnabúskap svæðisins og að vegna nálægðar við Ástjörn eru lagðar til mótvægisáðgerðir og verklagsreglur til að draga úr hættu á að mengandi efni geti borist í grunnvatn auk áætlunar um viðbrögð við mengunarslysum.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft áhrif á vatnsstöðu og lífríki Ástjarnar. Tjörninn er affallslaust lindarvatn sem er, að mati Umhverfisstofnunar, þegar undir töluverðu álagi vegna uppbyggingar mannvirkja umhverfis friðlandið og því viðkvæmt fyrir breytingum á vatnsstöðu þess. Stofnunin telur að nokkur óvissa ríki um áhrif framkvæmdar á vatnafar tjarnarinnar og telur ferli umhverfismats heppilegt til að meta þau og finna æskilegar mótvægisáðgerðir. Það er því mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Stofnunin telur einnig að nauðsynlegt sé að nýjar athuganir séu gerðar á vatnasviði Ástjarnar til að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda þar sem skýrsla um vatnasvið tjarnarinnar sé frá árinu 2002 og töluverð uppbygging hafi orðið á svæðinu síðan skýrslan var gerð. Með nýjum athugunum gæti framkvæmdaraðili kannað hvort einhverjar breytingar hafi orðið á vatnasviðinu frá fyrri rannsóknum og metið sérstaklega áhrif framkvæmdakosta og hugsanlegra mótvægisáðgerða á vatnasviðið.

Fram kemur í umsögninni að samkvæmt friðlýsingarskilmálum megi ekki breyta vatnsyfirborði Ástjarnar. Telur Umhverfisstofnun því mikilvægt að framkvæmdaraðili útbúi vöktunaráætlun þar sem fylgst sé með vatnsyfirborði tjarnarinnar auk viðbragðsáætlunar um aðgerðir sem grípa þurfi til verði vart við breytingar á vatninu. Stofnunin tekur fram að breytingar umfram náttúrulegar



breytingar á vatnsstöðu geti haft umtalsverð áhrif á lífríki tjarnarinnar, m.a. með auknu gruggi, rofi á vatnsbakka og tilheyrandi áhrifum á gróður og dýralíf.

Umhverfisstofnun telur ólíklegt að framkvæmdin komi til með að valda saurgerlamengun í Ástjörn og telur að með fyrirhuguðum vöktunar- og mótvægisáðgerðum megi koma í veg fyrir mengun vatns á framkvæmdatíma.

Í svari Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að ekki sé tekið undir að uppbygging frá 2002 hafi haft áhrif á Ástjörn og að skýrsla Orkuskipti sé þannig ekki marktæk. Bent er á að hæðarlínur á svæðinu hafa ekki tekið breytingum og útlínur Ástjarnar ekki tekið breytingum. Í kjölfar umsagnarinnar var hæð Ástjarnar mæld 20,7 m.y.s. við borholu ÁS-01 og 20,4 m.y.s. við borholu ÁS-02. Hæð graftarbotns verður ekki lægri en 21,5 m.y.s. og nær því ekki niður á hæsta grunnvatnsyfirborð og því ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á vatnsstöðu Ástjarnar. Þegar sé búið að bora svelgholur til að taka við affalli frá Ástjörn í tengslum við að verja byggð vestur af svæðinu og munu þær holur þjóna sama tilgangi þegar íþróttavellirnar komast í gagnið. Telur bærinn að fyrirbyggjandi gögn um vatnsstöðu séu fullnægjandi og framkvæmdin fari því ekki gegn friðlýsingarskilmálum Ástjarnar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stækkun íþróttamannvirkja á Ásvöllum geti haft neikvæð áhrif á grunnvatn. Á það bæði við um vatnshæð þess og líkur á að óæskileg efni safnist í of háum styrk í grunnvatnið. Mjög mikilvægt er að jarðrask nái ekki niður að hæsta vatnsborði grunnvatns þar sem það geti haft áhrif á afrennsli grunnvatns frá Ástjörn, sem er friðlýst vegna náttúrufars. Nái jarðrask niður fyrir hæsta grunnvatnsyfirborð getur það valdið auknu afrennsli af svæðinu sem myndi hafa í för með sér að vatnsyfirborð tjarnarinnar myndi lækka, sem myndi valda óafturkræfum, neikvæðum áhrifum á náttúrufar tjarnarinnar.

Það er mat Hafrannsóknastofnunar að framkvæmdin geti haft í för með sér mjög neikvæð áhrif á hæð grunnvatns og mögulega neikvæð áhrif á efnastyrk í grunnvatni ef ekki eru viðhafðar þær mótvægisáðgerðir við framkvæmdina sem fjallað er um í matsskyldufyrirspurninni. Lögð er áhersla á að þær þarf að uppfylla til hins ýtrasta því framkvæmdasvæðið er á viðkvæmu svæði, sérstaklega hvað varðar berggrunninn sem er mjög lekur og mengun á því greiða leið niður í grunnvatn. Grunnvatn rennur í og úr Ástjörn, sem er mjög sérstakt náttúrufyrirbrigði á því eldbrunna landi sem er á framkvæmdasvæðinu. Mjög lítið er af yfirborðsvatni á svæðinu og það gerir tjörnina enn mikilvægari, bæði fyrir fuglalíf, vatnalíf og sem útivistarsvæði fyrir fólk.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að það sé einkum staðsetning væntanlegs íþróttahúss þ.e. knattspyrnuhúss sem kunni að hafa áhrif á niðurstöðu um matsskyldu. Umsögn eftirlitsins er einskorðuð við hugsanleg áhrif þeirrar framkvæmdar og síðan framtíðar reksturs íþróttaleikvallar eða knattstúss svo nærri friðlýstu svæði Ástjarnar. Framkvæmdaraðili þarf að hafa svör við hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á lekt hraunstíflunnar sem heldur upp grunnvatnsborði Ástjarnar. Skýrsla sem vitnað er í frá 2002 var gerð vegna áforma um að reisa bensínstöð sunnar á Ásvöllum. Þar kemur fram að vatn flæði vart inn úr vestri í Ástjörn og einnig er fjallað um að hvert vatn myndi flæða frá Ástjörn þegar grunnvatnshæðin væri há. Fjallar skýrslan því ekki um afleiðingar þess ef eiginleikar hraunstíflunnar myndu breytast. Í tilkynningu kemur fram að þar sem gróftur nái ekki niður að hæsta grunnvatnsyfirborði sé ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins. Heilbrigðiseftirlitið telur það vera verkfræðilegt úrlausnarefni að reisa svo stórt mannvirki án þess að hafa áhrif á undirlagið en bendir á að hafa þurfi í huga að vatnasvið Ástjarnar sé lítið og vatnið mjög grunnt og því lítið út af bera til að aukin lekt valdi óafturkræfu tjóni.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins er tekið undir með stofnununum um viðkvæmni svæðisins og mikilvægi og sérstöðu Ástjarnar. Mótaðar hafi verið mótvægisáðgerðir og áhættuminnkandi áðgerðir til að draga úr mögulegum áhrifum íþróttahússins og jarðraski í tengslum við byggingu þess á lífríki og gróður friðlandsins.



## Lífríki og gróður

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að búið sé að raska yfirboði að stórum hluta á norðanverðu framkvæmdasvæðinu en á syðri hluta lóðarinnar sé landið minna raskað og þar megi finna mosa, mó- og graslendi. Í athugun sem gerð var af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Orkuskipti og loftslagsáhrifa á náttúrufari á vatnasvæðum í landi Hafnarfjarðar árið 2001 kemur fram að gróðurfar í kringum Ástjörn einkennist af mýrastör og tjarnastör. Mýrastaramýri og tjarnastaramýri er algengt mýragróðurlendi á Íslandi en þrátt fyrir það teljast bæði merkileg á þessum stað, svo nærri byggð.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í Ástjörn sé að finna eina flórigoðavarpíð á suðvesturhorni landsins. Heimildir um flórigoðavarp við Ástjörn ná aftur til 1954 og er hann orðinn að tákni um lífríki tjarnarinnar. Flórigoði er alfriðaður og á válista. Yfir varptímann er fuglalíf nokkuð fjölbreytt og má þar finna rúmlega 50 tegundir fugla. Má þar nefna stökkönd, heiðlóu, hettumáf, hrossagauk, skógarpröst, þúfutittling og kríu sem eru taldar verpa að staðaldri við Ástjörn.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ekki sé búist við raski innan friðlandsins við framkvæmdir. Með mótvægisáðgerðum og góðu vinnulagi er áætlað að ekki verði áhrif á flæði grunnvatns úr Ástjörn og við hönnun verður tryggt að afrennsli renni ekki út í tjörnina.

Umhverfisstofnun telur hættu á að með fyrirhugaðri staðsetningu fjölnota íþróttahúss þá muni rask ná inn fyrir mörk friðlandsins og telur mikilvægt við veitingu framkvæmdaleyfis að skýrt sé að slíkt sé ekki heimilt.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að séð verði til þess með ákvæðum í deiliskipulagi að óheimilt verði að raska svæði innan friðlandsins.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að mat skýrsluhöfunda á lífríki og gróður sé þröngt en ekki endilega rangt. Gangi allt á besta veg kunni framkvæmdin að hafa takmörkuð neikvæð áhrif. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að á árinu 2019 leiddu fjögur flórigoðapör á Vífilstaðavatni út unga og komust sennilega 12 þeirra upp. Ekki er vískað hvort flórigoði hafi orpið á Ástjörn það sama ár eða komið upp ungum. Allar mótvægisáðgerðir sem boðaðar eru í skýrslu VSÓ ráðgjafar fjalla um framkvæmdina sjálfa en ekki álag frá rekstri stórhýsis í kvöldsólarátt við svæði Ástjarnar. Rekstur íþróttaleikvangs muni óhjákvæmilega hafa áhrif innan friðlýsta svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að lagt hefur verið mat á áhrif uppbyggingarinnar á lífríki og gróður, valkostir bornir saman og lagðar fram mótvægisáðgerðir til að draga úr og koma í veg fyrir neikvæð áhrif.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að allar forsendur sem mótvægisáðgerðir byggja á verða að standast og jafnvel þótt allt takist eins vel og vonast er til við útfærslur þeirra er ekki hægt að horfa framhjá því að nálægð framkvæmdasvæðisins við viðkvæmt og fjölbreytt lífríki Ástjarnar, gróður, smádýra- og fuglalíf, er afar mikil. Því er líklegt að lífríkið verði fyrir truflunum af ýmsum toga, bæði á framkvæmdartíma og að framkvæmdum loknum með aukinni starfsemi á og við svæðið sem mögulega trufla fuglalíf.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði rask á eða við Ástjörn. Með tilgreindum mótvægisáðgerðum er tryggt að ekki verði áhrif á vatnsflæði í eða úr tjörninni og ekki talið að framkvæmd komi til með að hafa áhrif á álfतालुक eða tjarnataluk. Lagt er til sem mótvægisáðgerð að framkvæmdir fari ekki fram á meðan á viðkvæmum varptíma stendur.

## Ásýnd og landslag

Fram kemur að frá framkvæmdasvæðinu einkennist ásýnd og landslag annars vegar af þéttbýlu og manngerðu umhverfis til norðurs og vesturs og hins vegar af náttúrulegu umhverfi friðlandsins til austurs og suðurs. Ljóst er að íþróttahúsið mun verða áberandi kennileiti á svæðinu. Miðað við áformað deiliskipulag þá mun húsið verða staðsett nær friðlandinu og því má gera ráð fyrir að



ásýndarbreytingar vegna þess muni verða meiri en samkvæmt núgildandi deiliskipulagi en vegna áhrifa á grunnvatn er ekki hægt að grafa húsið niður

Umhverfisstofnun telur ljóst að fjölnota íþróttahúsið verði mjög áberandi og líklega ráðandi einkenni í landslagi friðlandsins vegna nálægðar byggingarreitsins við friðlandið og líklega hafa veruleg áhrif á upplifun gesta sem fara um friðlandið og fólkvanginn. Því er það mat stofnunarinnar að framkvæmdin hafi talsvert neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og þ.a.l. verndargildi friðlýsta svæðisins.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að mannvirki muni verða sýnileg en miðað við að um er að ræða umhverfi sem einkennist af manngerðu landslagi að hluta er ekki unnt að meta ásýndarbreytingar sem verulega neikvæðar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að stofnunin telji að fjalla hefði þurft um skuggaáhrif mannvirkis á Ástjörn þar sem um er að ræða að reisa 25 m hátt mannvirki.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í gögnum fyrirhugaðrar deiliskipulagsbreytingar sé gert grein fyrir skuggavarp í mars og júní frá byggingum á Ásvöllum. Þar sé ekki gert ráð fyrir að íþróttahúsið komi til með að varpa skugga á Ástjörn að ráði, sér í lagi ekki á meðan á varptíma stendur yfir. Ekki er talið að skuggavarp geti talist áhrifavaldur fyrir lífríki á svæðinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að ljóst sé að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd frá friðlandinu og fólkvanginum og frá byggð í suðri. Með framkvæmdum við íþróttahús verður þrengt að verndarsvæðinu og því náttúrulega umhverfi sem eftir er.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif framkvæmdanna á landslag og ásýnd liggja ljós fyrir og að mati framkvæmdaraðila er ekki að sjá hverju það myndi bæta við umfjöllun um áhrif að framkvæmdin fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Bygging mannvirkis í þéttbýli, sem er í samræmi við landnotkun og er hluti af manngerðu umhverfi, getur ekki talist hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og ásýnd í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. .

### **Meningarminjar**

Fram kemur að innan framkvæmdarsvæðisins sé að finna tvær fornleifar samkvæmt fornleifaskráningu. Annars vegar fjárhústóftir syðst á svæðinu og hins vegar grjóthlaðið fjárbyrgi sem staðsett er í jaðri hraunkants. Fram kemur að vegna nálægðar fjárhústófta við framkvæmdasvæðið er lagt til að þær fornleifar verði merktar á meðan á framkvæmdum stendur.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að staðsetning fjárhústóftarinnar sé að öllum líkindum röng en hún er sögð vera á staðsett syðst á svæðinu á milli tveggja æfingavalla. Rétt staðsetning virðist vera nærri miðju æfingarvallarins sem er sýndur í miðju af þeim þremur sem áætlaðir eru. Minjastofnun bendir á að svæðið hafi verið skipulagt út frá rangri staðsetningu fornleifa og að nauðsynlegt sé að skipulagið verði endurskoðað. Einnig bendir stofnunin á að fyrirbyggjandi skráning á fornleifum sé orðin nokkuð gömul og uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Telur stofnunin því að það þurfi að fá fornleifafræðing til að uppfæra skráningu fornleifa innan umrædds svæðis.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í samræmi við umsögn Minjastofnunar hafi gögn verið leiðrétt. Búið er að setja inn rétta staðsetningu fornminja og í kjölfarið ákveðið að breyta fyrirkomulagi knattvalla, m.a. til að tryggja að fjárhústóft raskist ekki. Fornminjar verða merktar og öryggissvæði afmarkað. Einnig verður unnið að skráningu fornleifa í samræmi við kröfur Minjastofnunar.

### **Jarðminjar**

Fram kemur að íþróttasvæðið sé staðsett á Hellnahrauni eða Selhrauni sem sé nútímahraun. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að stórum hluta raskað, sér í lagi á norðanverðu svæðinu.



Suðurhluti svæðisins er þó minna raskaður og stendur þar hraun víða upp úr mólendinu. Ekki verður komist hjá því að raska óhreyfðu hrauni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem nemur rúmlega 0,6 ha. Framkvæmdaraðili telur að uppbygging íþróttasvæðisins sé mikilvæg fyrir íbúa og ekki er talið að uppbygging svæðis á öðrum stöðum á Völlunum valdi minni áhrifum með tilliti til jarðminja. Telur Hafnarfjarðarbær að fyrir liggi skýrir hagsmunir til að bæta þjónustu við íbúa og aðgengi að henni sem vegi upp þau neikvæðu áhrif sem verði vegna aukins rasks á eldhrauni.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 61. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast að raska eldhrauni nema brýna nauðsyn beri til. Stofnunin bendir einnig á að samkvæmt nýlegum loftmyndum af svæðinu hafi óhreyfðu hrauni verið raskað þar á undanförunum árum, þar á meðal hluti þess hrauns sem ætlað er að varðveita í gildandi og fyrirhuguðu deiliskipulagi svæðisins. Bendir stofnunin á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis eða eftir atvikum byggingarleyfis vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sú röskun sem hafi orðið og verði á hrauni sé óhjákvæmileg til að mæta þörfum stækkandi sveitarfélags og falli undir almannahagsmuni og brýna nauðsyn.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að á sunnanverðu deiliskipulagssvæðinu sé að finna svæði með frekar lítt röskuðu nútímahrauni sem tilheyrir Hellnahrauni annars vegar og Skúlatúnshrauni hins vegar. Báðum þessum hraunum hefur verið mikið raskað í þessum hluta Hafnarfjarðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ástæða til að vernda það hraun sem enn er óraskað eins og kostur er

#### **Hávaði – Ljósmeingun**

Fram kemur að búast megi við ónæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda á framkvæmdatíma. Unnið verður í samræmi við reglugerð um hávaða en í henni er kveðið á um að hljóðstig skuli vera undir 55 dB  $L_{Aeq}$  á skilgreindu dvalarsvæði og á kyrrlátu svæði í þéttbýli skuli hljóðstig vera undir 50 dB. Á það við um svæði sem er ætlað til útivistar og afmarkað er í skipulagi. Einnig kemur fram að vegna nálægðar við friðlandið þurfi að huga að viðkvæmum varptíma og lagt til að ekki verði unnið að hávaðasömum framkvæmdum á meðan á varptíma stendur (1. maí – 15. júní.). Fram kemur að hönnun lýsingar á æfingavöllum verði með þeim hætti að lampar verði með stefnuvirkri lýsingu með skermingu til að tryggja að lýsing hafi sem minnst áhrif utan vallar.

Náttúrufræðistofnun telur ljóst að ljós- og hljóðmeingun muni hafa áhrif á upplifun útivistarfólks innan verndarsvæðisins.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að nú þegar sé til staðar ljósmeingun og hávaði frá svæðinu.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025.

Framkvæmdir eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi ásamt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð og þarf að liggja fyrir staðfest breyting á deiliskipulagi áður en leyfi verða veitt. Jafnframt er minnt á að forsenda leyfisveitinga er að matsferlum fyrir framkvæmdina samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sé lokið.



## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða uppbyggingu á ípróttasvæði Hauka að Ásvöllum og er áætlað að byggja fjölnota ípróttahús og útbúa fjóra æfingavelli ásamt ýmsum tengdum framkvæmdum, m.a. íbúðarbyggingar. Framkvæmdin felur m.a. í sér að staðsetningu ípróttahúss er breytt og það staðsett nær Friðlandinu við Ástjörn en fyrra skipulag gerði ráð fyrir. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til stærðar og umfangs hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, mengunar og ónæðis, sbr. 1. tl 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu framkvæmdar m.a. hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Í þessari matskylduákvörðun er einkum horft til áhrifa af byggingu ípróttahúss á vatnafar Ástjarnar og ásýnd friðlandsins í kringum tjörnina. Um er að ræða uppbyggingu á umfangsmiklu mannvirki á ípróttasvæði Hauka við mörk svæðis sem hefur verið friðlýst sem friðland og tekur til Ástjarnar og næsta nágrennis. Þá hefur landsvæði umhverfis friðlandið við Ástjörn og Ásfjall verið friðlýst sem fólkvangur. Í umfjöllun um friðlandið á vef Umhverfisstofnunar segir um Ástjörn að hún sé „einstætt náttúrufyrirbæri sem á sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi“. Þá kemur fram í í auglýsingu um fólkvanginn að óheimilt sé að breyta náttúrulegu yfirborði Ástjarnar eða losa efni sem skaðað geti gróður eða dýralíf á vatnasvæði hennar.

Tilurð Ástjarnar má rekja til hrauns sem rann á nútíma og lokaði fyrir afrennsli vatns úr kvosinni þar sem tjörnin er. Framkvæmdir á hrauninu geta haft áhrif á grunnvatn, bæði á vatnshæð vegna breytinga á lekt hraunsins og vegna möguleika á að óæskileg efni safnist í grunnvatnið. Rask á grunnvatnsborði getur svo leitt til breytinga á vatnsyfirborði Ástjarnar og viðkvæmu lífríki hennar.

Fyrirhugað ípróttahús er áformað á hrauninu sem heldur vatninu uppi. Áætlanir Hafnarfjarðarbæjar gera ráð fyrir að framkvæmdir við ípróttahúsið verði fyrir ofan grunnvatnsyfirborð og eigi því ekki hafa áhrif á lekt hraunsins og þ.a.l. á afrennsli tjarnarinnar og því verði ekki, að mati sveitarfélagsins, um neikvæð áhrif á grunnvatn eða vatnafar Ástjarnar að ræða.

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar og og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs hefur verið bent á óvissu um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda einkum við byggingu ípróttahússins á vatnafar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á vatnasvið Ástjarnar sé lítið og vatnið mjög grunnt og því lítið út af bera til að aukin lekt hraunsins valdi ekki óafturkræfum neikvæðum áhrifum á lífríki tjarnarinnar. Bent er á að með mótvægisáðgerðum þeim sem settar eru fram sé mögulega hægt að komast hjá áhrifum á vatnafar Ástjarnar og lífríki hennar en til þess að svo sé megi ekkert út af bera við útfærslur þeirra og tekur Náttúrufræðistofnun undir þetta atriði. Umhverfisstofnun hefur jafnframt bent á að nauðsynlegt sé að nýjar athuganir verði gerðar á vatnasviði Ástjarnar til þess að meta áhrif framkvæmda við ípróttahúsið og mótvægisáðgerða á vatnasviðið.

Fyrirhugað ípróttahús verður reist á þegar röskuðu svæði en framkvæmdir við ípróttavelli og önnur mannvirki eru á lítt röskuðum hluta skilgreinds ípróttasvæðis og mun sú uppbygging raska nútímahrauni sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd.





Samkvæmt framlögðum gögnum er líklegt að fyrirhugað íþróttahús verði mjög áberandi í núverandi landslagi þar sem það er mun umfangsmeira en öll mannvirki í grenndinni. Þó að fyrir liggja að reisa á húsið á núverandi íþróttasvæði er ljóst að vegna stærðar þess og einnig í ljósi staðsetningar þess alveg við friðlandsmörkin mun ásýnd þess verða ráðandi í landslagi friðlandsins. Staðsetning hússins getur þannig haft áhrif á upplifun þeirra sem um friðlandið fara.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana í 1. og 2. tl. sem rakin eru hér að framan einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu áhrif framkvæmdarinnar í mögulegum áhrifum af byggingu íþróttahúss af þessari stærð við mörk friðlandsins á verndargildi og lífríki Ástjarnar og næsta umhverfis. Þar skiptir meginmáli að komi til þess að rask vegna framkvæmdanna hafi áhrif á lekt hraunsins kann það að valda auknu afrennsli af svæðinu og þ.a.l. hafa í för með sér að varanlega lækkun á vatnsyfirborði tjarnarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lífríki og verndargildi Ástjarnar.

Þrátt fyrir það fyrirkomulag við byggingu íþróttahússins sem fjallað er um í framlögðum gögnum og boðaðar mótvægisáðgerðir er að mati Skipulagsstofnunar mikil óvissa um áhrif framkvæmdanna á vatnafar Ástjarnar. Allar forsendur þurfa að standast og ekkert út af bregða við framkvæmdir við íþróttahúsið til að mótvægisáðgerðir skili tilætluðum árangri. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig hægt sé að tryggja að ekki verði jarðrask neðan grunnvatnsyfirborðsins eða hvaða afleiðingar það hefði í för með sér. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að fyrirliggjandi rannsóknir á vatnafari eru tæplega 20 ára gamlar og töluverð uppbygging hefur orðið á svæðinu í kringum Ástjörn á þeim tíma sem kallar á nýjar rannsóknir.

Í ljósi umfangs íþróttahússins og nálægðar við hið friðlýsta svæði kunna sjónræn áhrif að verða töluverð. Skipulagsstofnun telur að skoða þurfi áhrif af staðsetningu íþróttahúss í samræmi við gildandi deiliskipulag, fjær friðlandsmörkunum, og bera saman umhverfisáhrif þessara tveggja valkosta.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. ágúst ágúst 2021.

Reykjavík, 13. júlí 2021

Ólafur Árnason

Jakob Gunnarsson